



Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjatorg
101 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 26. ágúst 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um áform um atvinnustefnu Íslands til 2035

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“ eftir atvikum) hafa tekið til umsagnar áform um atvinnustefnu til 2035, mál nr. S-144/2025, sem birt var í samráðsgátt 11. ágúst sl. Samtökin fagna því að stjórnvöld sýni vilja í verki með mótun atvinnustefnu í samvinnu við atvinnulífið í þeim tilgangi að auka verðmætasköpun með sjálfbærum vexti atvinnugreina og aukinni framleiðni. Samtökin hafa raunar kallað eftir atvinnustefnu um margra ára skeið eins og rakið verður hér. Samtök iðnaðarins eru stærstu samtök atvinnurekenda á Íslandi með ríflega 1.700 félagsmenn í fjölbreyttum greinum iðnaðar. Mestu vaxtartækifærin í hagkerfinu liggja í íslenskum iðnaði og ætti atvinnustefna að taka mið af því. Ljóst er að ef atvinnustefna á að vera árangursrík þá þurfa markmið hennar að ná inn í aðra stefnumörkun stjórnvalda og má þar nefna menntamál, umgjörð nýsköpunar, skattastefnu, regluverk, uppbyggingu innviða og fyrirsjáanleika í raforkuöflun svo dæmi séu tekin. Þá verður ekki hjá því litið að stjórnvöld, hér á landi sem annars staðar, gegna hlutverki í því að sækja tækifærin með fyrirtækjum og það gera stjórnvöld með því að ryðja hindrunum úr vegi, stórum sem smáum.

Í þessari umsögn er horft til þess að áform um atvinnustefnu miða að því að auka útflutning háframleiðnigreina. Því er ekki fjallað um þær greinar atvinnulífs sem fyrst og fremst þjóna innlendu hagkerfi og samfélagi en fjölmörg tækifæri eru til að auka framleiðni í þeim greinum og aðgerðir og umbætur sem lagðar eru til hér munu gagnast þeim eins og öðrum.

Samkeppnishæfni í forgang

Góð lífsskjör landsmanna byggja á því að hér á landi séu framleidd verðmæti sem seld eru á erlendum mörkuðum. Undanfarið hafa ytri skilyrði versnað með breyttum takti alþjóðavæðingar þar sem bandarísk stjórnvöld hafa hækkað tolla á innfluttar vörur og ríki bregðast við stöðunni með aukinni vernd gagnvart framleiðslu í sínum löndum. Í þessari stöðu, þegar ytri skilyrði versna, þarf að setja aukna samkeppnishæfni Íslands í algjöran forgang til viðbótar við hagsmunagæslu á alþjóðavettvangi til að tryggja greiðan aðgang að helstu mörkuðum. Atvinnustefna getur orðið mikilvægasta einstaka stefna stjórnvalda til þess að auka samkeppnishæfni á skipulegan hátt og stefnumótun í öðrum málaflokkum þarf að taka mið af atvinnustefnu eigi markmiðin um aukna framleiðni að nást. Með mótun atvinnustefnu skapast meiri fyrirsjáanleiki í rekstri fyrirtækja sem auðveldar ákvarðanatöku en með öllum orðum sínum og gjörðum senda stjórnvöld skilaboð sem horft er til við fjárfestingar og í fyrirtækjarekstri.

Hagkerfi Íslands stendur á fjórum meginstoðum útflutnings, en orkusækinn iðnaður, hugverkaiðnaður, sjávarútvegur og ferðaþjónusta standa undir góðum lífsskjörum hér á landi.



SI gæta hagsmuna tveggja fyrstnefndu stoðanna, orkusækis iðnaðar og hugverkaiðnaðar og eru samtökin í forsvari fyrir þær greinar. Útflutningsverðmæti iðnaðar í heild nam ríflega 750 milljörðum króna árið 2024 eða nær 40% af útflutningi Íslands það ár. Þess má geta að báðar þessar stoðir eru afrakstur atvinnustefnu stjórnvalda. Orkusækin iðnaður varð til þegar ÍSAL, álverið í Straumsvík hóf framleiðslu árið 1969 en Landsvirkjun var stofnuð árið 1965 í því skyni að gera orkusækin iðnað að útflutningsstoð. Síðan þá hefur orkusækin iðnaður eflst með tilkomu fleiri og fjölbreyttari fyrirtækja en útflutningstekjur árið 2024 námu 352 milljörðum króna eða um 18% af heildarútflutningi Íslands. Hugverkaiðnaður óx fyrir alvöru á öðrum og þriðja áratug þessarar aldar þegar stjórnvöld innleiddu skattahvata vegna rannsókna og þróunar ásamt fleiri aðgerðum sem hvöttu til fjárfestingar í nýsköpun. Á síðustu 10 árum hafa útflutningstekjur hugverkaiðnaðar þrefaldast en þær námu 309 milljörðum króna árið 2024 eða 16% af heildarútflutningi. Báðar þessar greinar eru háframleiðnigreinar og í báðum þeirra liggja fjölmörg tækifæri til vaxtar í samræmi við markmiðin sem sett eru fram í áformaskjali um atvinnustefnu Íslands til 2035.

Vöxtur hugverkaiðnaðar kallar á breytta nálgun stjórnvalda og stjórnsýslu gagnvart atvinnulífi vegna þess að fyrirtæki geta í auknum mæli fært starfsemi sína milli landa ef rekstrarskilyrði versna til muna eða ef óstöðugleiki ríkir, t.d. varðandi skattastefnu og -framkvæmd, menntamál og mannauð, umgjörð og skilyrði til nýsköpunar o.fl. Þannig þurfa stjórnvöld að skapa fyrirsjáanleika til nokkurra ára hið minnsta.

Helstu markmið og mælikvarðar varðandi þróun atvinnulífs næstu tíu ár

Að mati SI ættu helstu markmið varðandi þróun atvinnulífs að vera eftirfarandi.

- Aukning útflutnings háframleiðnigreina.
- Hlutfallslegur fjöldi starfa í háframleiðnigreinum.
- Þróun framleiðni vinnuafis.
- Vöxtur vergrar landsframleiðslu á mann.
- Ytra jafnvægi þjóðarbúsins og þar með hvort undirstöðum hagkerfisins sé að fjölga.
- Mat á hvort neikvæð ruðningsáhrif séu að koma fram vegna einsleitrar atvinnuuppbyggingar.

Atvinnustefna sem stuðlar að aukinni framleiðni

Meginviðfangsefni atvinnustefnu er að styrkja framboðshlið hagkerfisins, stuðla að fjárfestingu í nýsköpun og vinna að umbótum til aukinnar framleiðni. Þar þarf að horfa til þeirra þátta sem helst hafa áhrif á breytileika í framleiðni á milli landa. Sum ríki hafa einnig horft til þess að nýta atvinnustefnu til að ná fram öðrum markmiðum, t.a.m. varðandi loftslagsmál, viðnámsþrótt eða öryggis- og varnarmál. Eins getur atvinnustefna verið vettvangur til þess að vinna að brautargengi nýrrar tækni.

Mörg árangursrík dæmi eru um atvinnustefnu í öðrum ríkjum og hafa stjórnvöld í nágrannaríkjum Íslands gjarnan mótað og fylgt eftir skýrri atvinnustefnu í því skyni að efla samkeppnishæfni og auka framleiðni. Hvað viðkemur framleiðni hefur m.a. verið horft til



rannsókn¹ Alþjóðabankans á breytileika í framleiðni milli landa en þeir þættir sem hafa mest áhrif þar að lútandi eru nýsköpun, menntun, skilvirkni markaða, innviðir og stofnanaumgjörð.

SI hafa um árabíl kallað eftir atvinnustefnu fyrir Ísland með aukna framleiðni að leiðarljósi. SI telja að slík stefna gæti verið stökkpallur inn í næsta hagvaxtarskeið ef rétt er á málum haldið og virðist ríkisstjórnin líta málið sömu augum. Árið 2018 gáfu SI út tvær skýrslur sem fjalla um atvinnustefnu og sýn samtakanna á það hverjar áherslur slíkrar stefnu ættu að vera. Annars vegar skýrsluna *Ísland í fremstu röð - eflum samkeppnishæfnina*², útgefin í mars 2018. Hins vegar skýrslan *Mótum framtíðina saman - atvinnustefna fyrir Ísland*³, útgefin í nóvember 2018. Síðan þá hafa SI starfað á þessum grunni og þróað áherslur og aðgerðir í samræmi við umbætur sem stjórnvöld hafa unnið að á undanförunum árum. Í skýrslum SI hefur verið lagt til að atvinnustefna byggji á umbótum eða aðgerðum í eftirfarandi fimm málaflokkum til þess að auka framleiðni.

- (i) **Menntun (mannauður)**, að menntakerfið leiði saman færni mannauðsins og þarfir atvinnulífsins á skilvirkan hátt.
- (ii) **Innviðir**, að innviðir séu í góðu ástandi og uppfylli þarfir atvinnulífs og almennings.
- (iii) **Nýsköpun**, umgjörð og hvatar til nýsköpunar séu með því besta sem þekkist í heiminum.
- (iv) **Starfsumhverfi** sé stöðugt, skilvirkt og hagkvæmt.
- (v) **Orku- og loftslagsmál**, að framboð raforku mæti þörfum atvinnulífs og samfélags, og að unnið sé að loftslagsmarkmiðum í samvinnu við atvinnulífið.

Nánar er vikið að sértækum aðgerðum í þessum málaflokkum og fleirum hér að neðan.

Vöxtur iðnaðar í lykilhlutverki atvinnustefnu

SI telja mikil tækifæri felast í vexti hugverkaiðnaðar en einnig í orkusæknum iðnaði og í tengslum við fyrirhuguð þriðju orkuskipti á Íslandi. Dæmi um greinar þar sem framleiðni er há og útflutningur gæti aukist um tugi milljarða króna á næstu árum eru:

Hugverkaiðnaður. Samkvæmt greiningu SI frá árinu 2023 sem byggir á vaxtaráætlunum um fimmtán til tuttugu fyrirtækja í hugverkaiðnaði geta útflutningstekjur greinarinnar aukist um á bilinu 400-500 milljarða fram til ársins 2027. Ef af því yrði næmu útflutningstekjurnar um eða yfir 700 milljörðum króna það ár.⁴ Helstu vaxtarbroddar hugverkaiðnaðar eru;

- **Lyfjaframleiðsla**
- **Líftækni**
- **Heilbrigðistækni**
- **Tölvuleikjagerð**
- **Menntatækni**
- **Grænar lausnir**

¹ <https://documents1.worldbank.org/curated/en/130281557504440729/pdf/Productivity-Growth-Patterns-and-Determinants-across-the-World.pdf>

² https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Island-i-fremstu-rod_skyrsla.pdf

³ https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/SI_Atinnustefna_skyrsla_final.pdf

⁴ https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Greining-SI_Vaxtartaekifaeri-i-idnadi_13-03-2023.pdf



- Önnur hátækni, þar sem hlut- og hugbúnaður koma saman í vöru og þjónustu.
- Kvikmynda- og sjónvarpsþáttaframleiðsla

Hver og ein þessara greina getur skapað tugi milljarða í viðbótarútflutningstekjur, en sérstaklega mikil vaxtartækifæri liggja í lyfjaframleiðslu, líf- og heilbrigðistækni.

Gagnaversiðnaður. Mikil tækifæri eru í vexti gagnaversiðnaðar á Íslandi, sérstaklega í tengslum við gervigreindarbyltinguna. Fordæmalaus eftirspurn er af hálfu bandarískra tæknifyrirtækja varðandi reikniafl fyrir gervigreindartækni- og gervigreindarlíkön. Ísland getur leikið hlutverk í þessum efnum en með því myndi þjónustuútflutningur stórukast. Um er að ræða tug- eða jafnvel hundrað milljarða króna í aukinn þjónustuútflutning til framtíðar. Skýr sýn og samræming í stjórnsýslu er meðal forsendna þess að tækifærin á þessu sviði raungerist. Þá er uppbygging fjarskiptainnviða og annarra stafrænna innviða, meðal annars styrking gagnatenginga á milli Íslands og umheimsins, algjört skilyrði en slík uppbygging er í flestum tilfellum fjármögnuð af einkaaðilum þó hún krefjist aðkomu stjórnvalda í tengslum við leyfisveitingar og regluverk.

Stóriðja. Mikil tækifæri eru til aukinnar virðisaukningar í álframleiðslu og annarri stóriðju á Íslandi. Um getur verið að ræða tugi milljarða í viðbótar útflutningstekjur. Þá hefur skerðing raforku til stórnotenda leitt til taps í útflutningi upp á samtals tugi milljarða á síðastliðnum árum. Brýnt er að orkusæknum iðnaði séu sköpuð fyrirsjáanleg skilyrði, með framtíðarsýn hvað varðar áframhaldandi raforkuöflun í landinu og einföldu og skýru regluverki.

Vetnis- og rafeldsneytisframleiðsla. Nokkur fyrirtæki vinna nú að þróun og markaðssetningu á grænni tækni með framleiðslu og/eða tækniþróun er viðkemur vetni og rafeldsneyti til útflutnings. Mikil tækifæri eru í því að Ísland verði leiðandi á þessu sviði en orkuskipti samgangna, þar sem dregið verður úr olíunotkun til framtíðar, kalla á framleiðslu á grænu eldsneyti. Ísland getur lagt mikið af mörkum til loftslagsmála og loftslagsskuldbindinga með slíkri framleiðslu, ásamt því að útflutningur eykst og innflutningur á olíu minnkar. Um er því að ræða framleiðslu sem leiðir til jákvæðra loftslagsáhrifa.

Vinnsla steinefna til íblöndunar í sementsframleiðslu. Sementsframleiðendur víða um heim vinna nú að því að draga úr losun í framleiðslu sinni en ætla má að framleiðsla sements sé um 8% af CO₂ sem losað er af mannavöldum á heimsvísu. Í þeim tilgangi að draga úr losun hefur notkun íauka aukist mikið og orðið sífellt mikilvægari þáttur í sementsframleiðslu. Hér á landi er hægt að vinna steinefni sem henta vel til íblöndunar og ýta undir framleiðslu steypuefnis á umhverfisvænan hátt. Áhugi erlendra framleiðenda er á þeim steinefnum sem hér eru og ef áform þeirra ganga eftir gæti þessi vinnsla skapað nýjar útflutningstekjur fyrir í kringum 100 milljarða á ári og fjölgað störfum á landsbyggðinni um 150-300 stöðugildi. Áætlanir um fjárfestingar í nauðsynlegum innviðum eru einnig umtalsverðar í kringum þessi verkefni en um er að ræða innviði sem gætu einnig skapað frekari tækifæri í nærsamfélaginu.

Aðgerðir og umbætur sem stuðla að aukinni framleiðni

Menntun og mannauður

Mikill vöxtur hefur verið í iðnaði á undanförunum árum, sem hefur skilað sér í auknum lífsgæðum hér á landi. Lykilþáttur í starfsemi greinarinnar er mannauður, en alls starfa nú um 51 þúsund manns í iðnaði, eða einn af hverjum fimm starfandi á íslenskum vinnumarkaði. Störf í iðnaði



eru fjölbreytt, bæði í rótgrónum og nýjum iðngreinum, í útflutningi og á innlendum markaði, með starfsemi um allt land. Ljóst er að menntakerfi landsins hefur ekki annað þeirri mannauðspörf sem skapast hefur vegna vaxandi iðnaðar á síðustu árum en undanfarin ár hefur um 600-1.000 nemendum verið vísað árlega frá iðnnámi vegna þess að iðnnámsskólarnir hafa ekki getað tekið við nema hluta nemenda sem veldur því að fleiri nemendur fá ekki inngöngu í námið.⁵ Samtökin hafa í því samhengi lagt áherslu á eftirfarandi aðgerðir:

- Taka þarf við fleiri nemendum í iðnnám til að koma til móts við mikla eftirspurn á iðnmenntuðu starfsfólki.
- Með markvissum aðgerðum þarf að auka aðsókn í STEAM greinar, þ.e. vísindi, tækni, verkfræði, sköpun og stærðfræði en greinarnar eru forsenda fyrir nýsköpun, fjölbreyttum hátækniðnaði og þróun á vörum og þjónustu.

Greiða leið alþjóðlegra sérfræðinga til landsins

Tækni- og hugverkafyrirtæki, keppa á alþjóðlegum mörkuðum og er ráðning erlendra sérfræðinga mikilvægur þáttur í samkeppnishæfni þeirra á meðan að íslenskt menntakerfi nær ekki að anna eftirspurn. Í greiningu SI frá 2. febrúar 2024 um fjölgun starfsfólks í tækni- og hugverkaiðnaði kemur fram að stjórnendur þessara fyrirtækja sjá fram á að ráða þurfi um 2.500 sérfræðinga til viðbótar á næstu árum, sem er 77% aukning, eigi vaxtaráætlanir að ná fram að ganga.⁶ Í heild starfa nú ríflega 18 þúsund manns í tækni- og hugverkaiðnaði og hefur þeim fjölgað um 4 þúsund á síðasta áratug eða um nær 30%. Um er að ræða verðmæt hálaunastörf þar sem verðmætasköpun á hverja vinnustund, það er að segja framleiðni, er meiri en almennt í hagkerfinu.

Samtökin hafa lengi kallað eftir því að umsóknarferli sérfræðinga utan EES-svæðisins um dvalarleyfi verði einfaldað og gert skilvirkara. Flókið umsóknarferli ásamt löngum afgreiðslutíma hefur haft hamlandi áhrif á vöxt. Samtökin hafa bent á nauðsyn eftirfarandi aðgerða:

- Einfalt og skýrt regluverk með fyrirsjáanleika og gagnsæi að markmiði. Í því samhengi leggja SI til að boðið verði upp á „allt á einum stað“ (e. one stop shop), þ.e. miðlæga upplýsingagjöf og umsóknargátt fyrir umsækjendur og fyrirtæki.
- Verkferlar einfaldaðir og aukið samráð milli stjórnsýslustofnana. SI leggur til að dvalarleyfum vegna sérfræðilpekkingar verði á forræði Vinnumálastofnunar til að sporna gegn tvíverknaði.
- Endurskoðun reglna er varðar heimild um frádrátt frá tekjum erlendra sérfræðinga til þess að tryggja að hvatakerfi virki sem skyldi. Samkvæmt núverandi reglu um skattlagningu erlendra sérfræðinga er heimilt að fella 25% af launum þeirra undan skattlagningu fyrstu þrjú árin. Hins vegar er gildistími skattahvata í nágrannaríkjum oft á tíðum 4-5 ár ásamt frekari ívilnunum.

⁵ https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Mannaudur_Stadreyndir.pdf

⁶ https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Greining-SI_Vaenta-77-fjolgunar-starfsfolks-i-taekni-og-hugverkaidnadi-a-naestu-fimm-arum-02-02-2024.pdf



Innviðir

Öflugir og traustir innviðir eru hryggjarstykkið í nútíma þjóðfélagi og algjör forsenda fyrir samkeppnishæfu atvinnulífi. Fyrir íslenskan iðnað eru gæði innviða ekki aukaatriði heldur grundvallarþáttur í allri virðis_keðjunni, allt frá öflun hráefna til afhendingar fullunninnar vöru eða þjónustu. Samtökin líta svo á að fjárfesting í innviðum sé ein mikilvægasta fjárfesting sem stjórnvöld geta ráðist í til að tryggja hagvöxt, nýsköpun og bætt lífskjör til framtíðar.

Víða um land er mikill vilji til fjárfestinga og uppbyggingar atvinnulífs. Oftar en ekki er um að ræða verkefni sem auka framleiðni, styðja við græn umskipti og skapa verðmætar útflutningstekjur fyrir þjóðarbúið. Margvíslegar hindranir eru í veginum fyrir uppbyggingu og því hefur orðið töf á uppbyggingu. Hátt raunvaxtastig hefur tafið uppbyggingu. Hins vegar eru það oft beinar og ápreifanlegar hindranir í innviðum sem stöðva verkefni. Fyrirtæki sem vilja hasla sér völl eða stækka við sig standa frammi fyrir skorti á raforku, veiku flutningskerfi raforku, ófullnægjandi aðgengi að heitu og/eða köldu vatni, vanbúnu vegakerfi eða takmarkaðri hafnaraðstöðu. Flókið og tímafrekt leyfisveitingaferli auk skipulagsmála dregur úr mætti hagkerfisins. Ofan á þetta bætist viðtækur skortur á húsnæði fyrir starfsfólk á mörgum svæðum. Þegar þessir grunnþættir eru ekki til staðar er verið að glata tækifærum til verðmætasköpunar sem koma ekki aftur.

Skilvirkar og öruggar samgöngur á landi, í lofti og á legi eru nauðsynlegar til að tryggja fyrirsjáanleika í rekstri fyrirtækja. Hár flutningskostnaður og óáreiðanleiki í flutningum vegna vanbúinna vega, hafna eða flugvalla veikja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og eru bein hindrun fyrir nýfjárfestingu. Óvissa um stefnu stjórnvalda dregur úr áhuga til einkafjárfestingar í innviðum. Með skýrum skilaboðum og atvinnustefnu liggja þó tækifæri til að hraða uppbyggingu innviða þar sem nýfjárfestingar innviða geta í auknum mæla færst yfir í samvinnuverkefni opinberra aðila og einkaaðila.

Aðgangur að tryggri og hagkvæmri orku hefur verið einn helsti styrkur Íslands. Sá styrkur er nú í hættu. Til að styðja við orkuskipti og nýjan iðnað er brýnt að styrkja allt orkukerfið. Vaxandi fjöldi fyrirtækja víðsvegar um landið fær nú neitun um orkuafhendingu vegna skorts á bæði vinnslugetu og flutningsgetu. Þetta stöðvar beinlínis verðmætasköpun, tækifæri til grænna umskipta og hamlar uppbyggingu atvinnulífs víða um land.

Í þekkingarhagkerfi nútímans eru öflugir stafrænir innviðir jafn mikilvægir og vegir. Hraðvirkt og áreiðanlegt fjarskiptanet og öflugar tengingar við umheiminn er forsenda fyrir starfsemi hátækniyrirtækja, hugverkaíðnaðar og raunar allra nútímafyirtækja sem vilja nýta tæknina til að auka framleiðni og skilvirkni.

Samtök iðnaðarins hvetja því stjórnvöld til að setja uppbyggingu innviða í forgang til að tryggja framgöngu atvinnustefnunnar. Fjárfesting í innviðum er ekki útgjaldaliður heldur fjárfesting í framtíðar samkeppnishæfni, aukinni framleiðni og vexti fyrir allt samfélagið. Til þess þarf heildstæða, fjármagnaða og framsýna stefnu sem tryggir að íslenskur iðnaður geti áfram vaxið og dafnað á alþjóðlegum markaði.

Nýsköpun

Skattahvatar vegna rannsókna og þróunar (R&D) eru öflugasta tólið í verkfærakistu ríkisins til að stuðla að fjárfestingu í nýsköpun en skattahvatar til nýsköpunar hafa leitt þess að fyrirtæki



Í hugverkaiðnaði hafa sett aukið fjármagn í rannsóknir og þróun með tilheyrandi fjölgun háframleiðnistarfa sem og aukningu í útflutningi. Mikilvægt er að skapa fyrirsjáanleika til framtíðar hvað varðar skattahvata R&B og hafa SI átt í góðu samtali við starfshóp fjármálaráðuneytisins um endurskoðun á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki vegna þessa. Samtökin vísa jafnframt í umsögn Hugverkaráðs SI um áform um atvinnustefnu Íslands. Ýmislegt fleira mætti bæta í starfsumhverfi hugverkaiðnaðar, meðal annars sem snýr að skattalöggjöf. SI hafa nú þegar komið á framfæri ýmsum tillögum til að auka skilvirkni í starfsumhverfi nýsköpunar og hugverkaiðnaðar á Íslandi og munu fylgja þeim eftir í góðu samtali við stjórnvöld.

Starfsumhverfi

Einn af lykilþáttum farsællar atvinnustefnu er að stjórnvöld skapi fyrirtækjum skýra umgjörð og starfsumhverfi sem byggir á stöðugleika, skilvirkni og hagkvæmni. Í slíku umhverfi eflist samkeppnishæfni fyrirtækja þannig að fleiri störf og verðmæti skapast sem skila sér í bættum lífskjörum. Þar skiptir skýrt og einfalt regluverk sköpum ásamt skilvirku eftirliti. SI leggja til eftirfarandi aðgerðir til stuðnings bættri samkeppnishæfni fyrirtækja:

Stöðva þarf gullhúðun

Gullhúðun evrópuregluverks við innleiðingu í íslenskan rétt er kostnaðarsöm fyrir íslenskt samfélag, fyrir almenning, fyrirtæki og hið opinbera. Auknar kröfur til innlendra fyrirtækja fela óhjákvæmilega í sér aukinn kostnað fyrirtækjanna sjálfra sem skerðir samkeppnishæfni þeirra. Gullhúðun leiðir einnig til aukinna umsvifa hjá eftirlitsstofnunum og ríkinu þar sem auknar kröfur eru þá gerðar eða óvissa skapast um regluverk. Þetta leiðir til sóunar á verðmætum og sóunar hjá hinu opinbera. Þrátt fyrir að vitundarvakning hafi orðið á gullhúðun eru nýleg dæmi um að gengið sé lengra við innleiðingu og leggja SI áherslu á að stjórnvöld taki málefnið fastari tókum í samræmi við tillögur starfshóps um aðgerðir gegn gullhúðun EES-reglna sem gefnar voru út í maí 2024. Þar að auki þurfa stjórnvöld að ráðast í afhúðun regluverks með heildstæðum hætti.

Fullnægjandi mat á áhrifum lagasetningar

SI hvetja til þess að fullnægjandi hagsmunamat við setningu nýrra laga og reglugerða fari fram og þá í góðu samráði við atvinnulífið. SI kalla eftir raunverulegu mati á íþyngjandi áhrifum nýrra ákvæða á fyrirtæki og samfélagið í heild, ekki eingöngu út frá sjónarhóli ríkissjóðs. Umhugsunarvert er að Ísland mælist eftirbátur annarra Norðurlanda hvað þetta varðar.

Skilvirk stjórnsýsla

Eitt stærsta viðfangsefnið þegar kemur að atvinnustefnu og eftirfylgni hennar er að stórauka skilvirkni í opinberri stjórnsýslu. Tvíverknaður í verkferlum og óskýrt forræði á málefnum skapar óþarfa flækjustig og kemur niður á starfsemi fyrirtækja. Má sem dæmi nefna vinnslu umsókna um atvinnu- og dvalarleyfi fyrir erlenda sérfræðinga hjá Útlendingastofnun og Vinnumálastofnun. Uppbygging atvinnustarfsemi getur kallað á samstarf margra ólíkra opinberra aðila þ.e. stofnana, ráðuneyta og sveitarfélaga. Á þetta reynir til dæmis við uppbyggingu atvinnutækifæra þar sem ferlar eru margir og ólíkir aðilar, stofnanir og sveitarfélög koma að málum. Þegar samkeppni um verkefni er oftar en ekki alþjóðleg þá leita fjárfestingar í fyrirsjáanlegt og skilvirkt umhverfi. Þannig hefur það ekki verið hér á landi um nokkurt skeið og mörg dæmi eru um að áhugasamir fjárfestar hafi farið með verkefni sín annað.



Í öðrum löndum er slíkum hindrunum markvisst rutt úr vegi og þess eru ýmis dæmi að arðbær verkefni sem hefðu aukið framleiðni á Íslandi leituðu til annarra landa þar sem áhætta vegna óskilvirkni hins opinbera hér á landi var óásættanleg.

Samræmt og skilvirkt eftirlit

Skilvirkt og samræmt eftirlit er lykilforsenda fyrir fyrirsjáanleika í starfsemi iðnfyrirtækja. Þar má gera betur en borið hefur á ósamræmi í framkvæmd og túlkun reglna hjá opinberum aðilum og má þar nefna sem dæmi byggingar- og matvælaeftirlit sem og heilbrigðiseftirlit. Ósamræmi í framkvæmd skapar tafir og aukinn kostnað. SI leggja áherslu á að stjórnsýsla verði samræmd, meðal annars með stöðluðum gátlistum, til að tryggja jafnræði og skilvirkni í framkvæmd.

Skattastefna og -framkvæmd

Skattahækkanir geta grafið undan verðmætasköpun, dregið úr atvinnu og þar með rýrt skattstofna og tekjur hins opinbera. Ísland er nú þegar háskattaríki í alþjóðlegum samanburði, þar sem skatttekjur hins opinbera námu 32% af landsframleiðslu árið 2022, sem er hátt í samanburði við önnur OECD-ríki. Samkvæmt fjármálaáætlun 2026-2030 er gert ráð fyrir að skatttekjur hækki í 34% af landsframleiðslu á tímabili stefnunnar. Slíkur skattþungi er ekki í samræmi við markmið um aukna verðmætasköpun og framleiðnivöxt, og getur dregið úr hvata til nýsköpunar og fjárfestinga. SI telja að skattahækkanir sem vinna gegn virkni og samkeppnishæfni atvinnulífsins séu ekki í samræmi við sjálfbærni í opinberum fjármálum til lengri tíma. Í þessu sambandi vilja samtökin benda á að skattspor iðnaðarins, þ.e. bein og óbein skattgreiðsla iðnaðar til samfélagsins, er mjög umfangsmikið og endurspeglar mikilvægi greinarinnar í hagkerfinu. Heildarskattspor iðnaðar nam 464 milljörðum króna árið 2023 samkvæmt skýrslu Reykjavík Economics sem unnin var fyrir SI. Þröngt skattspor greinarinnar (án virðisaukaskatts) nam 220 milljörðum og er það stærst allra útflutningsgreina. Til samanburðar nam þröngt skattspor ferðaþjónustunnar 107 milljörðum og sjávarútvegsins 89 milljörðum sama ár.

Breytt vinnubrögð hjá Skattinum hafa verulega aukið óvissu og áhættu í rekstri fyrirtækja. Í grein⁷ sem níu lögfræðingar, sérfræðingar í skattamálum, skrifuðu er því lýst hvernig ákvarðanir Skattsins séu oft tilviljanakenndar og ófyrirsjáanlegar og að horfið hefði verið frá áratugalangri skattframkvæmd án þess að viðeigandi ákvæði skattalaga hafi tekið nokkrum breytingum, með tilheyrandi óvissu fyrir fólk og fyrirtæki. Í greininni segir: „Svo virðist sem menning og ákvarðanir innan stofnunarinnar ráðist oftar af skapandi túlkun en að vera í anda stjórnvaldsákvarðana og þeirra grundvallarreglna sem um þær gilda“. Greinarhöfundar segja dæmi um að Skatturinn „skapi eigin málsmeðferðarreglur og setji fram ný skilyrði fyrir skattákvörðunum með tilvísun til ríkulegra heimilda embættisins til gagna- og upplýsingaöflunar“. Í þessu samhengi hafa fréttir af bónuskerfi Skattsins sáð fræjum efasemda um vinnubrögð embættisins⁸. Stjórnvöld þurfa að setja nauðsynlegar umbætur í forgang til þess að efla traust á Skattinum.

⁷ Morgunblaðið, 24. febrúar 2024. „Þungar áhyggjur af skattframkvæmd á Íslandi“. Ágúst Karl Guðmundsson et. al.

https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1856255/?item_num=13&searchid=5b7ec11dfbfc070544b786fec6126fed22cd6331&t=452103513&t=1756244819.159369

⁸ https://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2024/03/06/horfid_fra_aratuga_skattaframkvaemd/



Orka og umhverfi

SI hafa ítrekað lýst áhyggjum af stöðu raforkumála hér á landi á síðastliðnum árum. Ekki síst vegna þeirrar staðreyndar að raforkuframboð hefur ekki haldið í við vöxt og viðgang samfélagsins. Hefur þetta meðal annars leitt til aukinnar olíunotkunar, hærra raforkuverðs og skerðinga á raforkuafhendingu til stórnotenda, með miklu tjóni fyrir hagkerfið og samfélagið allt. Eigi atvinnustefna Íslands að vera trúverðug og stuðla að vexti í útflutningi þarf henni að fylgja langtímaáætlun um stórauðna raforkuöflun til að minnsta kosti 10 ára.

Öll verðmætasköpun krefst orku. Lengi vel var jákvætt samband milli vaxtar og aukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda. Með markmiðum í loftslagsmálum hefur viðfangsefnið verið að auka hagvöxt án þess að auka losun gróðurhúsalofttegunda. Losun hér á landi stafar að miklu leyti af olíunotkun og annarri orkunotkun annars vegar og iðnaðarferlum hins vegar.

Íslensk stjórnvöld, ásamt stjórnvöldum í flestum ríkjum heims, hafa sett sér metnaðarfull markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Um er að ræða græna iðnbyltingu sem stjórnvöld eiga frumkvæði að seint á síðustu öld til þess að stuðla að bættum lífsskilyrðum til framtíðar. Þetta kallar á breytingar á orkukerfum heims þar sem stórauðna þarf vægi endurnýjanlegrar orku. Sömuleiðis kallar þetta á breytingar á iðnferlum, ferlum sem margir hverjir urðu til í 2. iðnbyltingunni og hafa þróast síðan. Umskipti af þessu tagi eru kostnaðarsöm og munu ekki raungerast nema efnahagslegar forsendur séu til staðar. Þess vegna hafa ríki heims innleitt ýmsa efnahagslega hvata til að flýta fyrir nýsköpun og umskiptum. Ísland stendur framarlega á þessu sviði en með nýtingu vatnsafls og jarðvarma er öll raforkuframleiðsla hér á landi endurnýjanleg. Auk þess hefur náðst mikill árangur við að draga úr losun vegna iðnaðarferla og þannig að slík framleiðsla hér á landsi er með lægsta kolefnisspor sem þekkist í heiminum. Íslensk þekking á þessu sviði hefur nýst til uppbyggingar og hagnýtingar endurnýjanlegrar orku í um 50 löndum í öllum heimsálfum (að Suðurskautslandinu undanskildu). Því til viðbótar hafa félög hér á landi þróað og selt lausnir sem vinna að sömu markmiðum í loftslagsmálum. Þannig liggur okkar mesta framlag til loftslagsmála á erlendra grundu og mikil tækifæri eru til útflutnings á þessu sviði.

Hér á landi liggja stærstu tækifærin í orkuskiptum í samgöngum. Tæknin hefur þróað hratt og er að mörgu leyti orðin til og hagkvæm. Hins vegar þarf aukið framboð raforku eigi orkuskipti að vera raunhæf. Þessu til viðbótar felast mikil tækifæri í framleiðslu á vetni- og rafeldsneyti og hafa nokkur félög hér á landi unnið að þróun verkefna á því sviði.

Tryggt aðgengi að fjölbreyttum mörkuðum

Alþjóðavæðing fólst í því að auka alþjóðaviðskipti og færa framleiðslu til svæða þar sem hún var hagkvæmari. Áhættur voru vanmetnar eins og glögglega kom fram þegar aðfangakeðjur höktu á tímum heimsfaraldurs kórónuveiru og þegar aðgengi að mikilvægum þáttum eins og orku var skert verulega með tilheyrandi efnahagsþrengingum í Evrópu eftir innrás Rússa í Úkraínu. Nú hefur alþjóðavæðing skipt um takt. Framleiðsla hefur færst aftur til og ríki leggja á ýmsar verndarráðstafanir sbr. tollar á innflutning til Bandaríkjanna. Gera má ráð fyrir því að þetta ástand vari a.m.k. næstu árin og því þarf að stórefla hagsmunagæslu til að viðhalda greiðum aðgangi á mörkuðum. Stjórnvöld verða að vinna náið með atvinnulífinu að þeim málum, bæði beint með fyrirtækjum og samtökum atvinnugreina auk samstarfs á vettvangi Íslandsstofu. Þetta kallar á tilfærslu innan kerfisins þar sem fleiri fara í hagsmunagæslu og færri þarf til að sinna öðrum málum sem færast neðar í forgangi.



Að lokum

Samtök iðnaðarins binda miklar vonir við atvinnustefnu Íslands og vilja taka virkan þátt og leggja sitt af mörkum í því samráði sem framundan er. Tækifærin til vaxtar í hagkerfinu eru fjölmörg þar sem íslenskur iðnaður mun leika lykilhlutverk. Með því að gera Ísland að aðlaðandi kosti fyrir fjárfestingu í nýsköpun, hugvit, þekkingu og hágæðaframleiðslu geta orðið til fleiri verðmæt fyrirtæki og háframleiðnistörf og þar með aukast lífsgæði allra landsmanna. Setja þarf samkeppnishæfni Íslands í algjöran forgang og ryðja heimatilbúnum hindrunum úr vegi. Þannig eykst framleiðni og þar með líf skjör hér á landi. Atvinnustefna stjórnvalda, ef vel tekst til, getur verið stökkpallur inn í næsta hagvaxtarskeið.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, reading 'Sigurður Hannesson', written over a horizontal line.

Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri